

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2015, föstudaginn 20. febrúar 2015 var haldinn 144. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.00. Viðstaddir voru Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Haraldsson og Sigurður Björn Blöndal. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Árni Claessen, endurskoðandi frá KPMG, sat fundinn undir fyrsta lið og Ólafur Kristinsson, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkur, undir fyrsta og öðrum lið.

Fundarstjóri var Ármann Kr. Ólafsson, varaformaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2014
Ársreikningar SHS, SHS fasteigna og Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins lagðir fram með samstæðureikningi til samþykktar. Endurskoðandi kynnti endurskoðunar-skýrslu ársins 2014.
Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS og samstæðu 2014, dags. 20. febrúar 2015.
- Ársreikningur SHS fasteigna 2014, dags. 20. febrúar 2015.
- Ársreikningur AHS 2014, dags. 20. febrúar 2015.
- Endurskoðunarskýrsla KPMG v. ársins 2014, dags. 20. febrúar 2015.

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Endurskoðunarnefnd
Á 141. fundi stjórnar var formanni og slökkviliðsstjóra falið að útfæra samskipti við endurskoðunarnefnd Reykjavíkur. Ólafur Kristinsson, formaður nefndarinnar, fór yfir fyrirliggjandi samstarfssamning nefndarinnar og stjórnar SHS og lagði fram til samþykktar.
Eftirfarandi lagt fram:

- Samstarfssamningur endurskoðunarnefndar Reykjavíkur og stjórnar SHS, dags. 20. febrúar 2015.
- Um fyrirkomulag innri endurskoðunar SHS, dags. 18. febrúar 2015.

Afgreiðsla: Samstarfssamningur við endurskoðunarnefnd Reykjavíkur samþykktur. Fyrirkomulag innri endurskoðunar SHS lagt fram til kynningar og slökkviliðsstjóra falið að fá frekari kynningu á því.

3. Endurnýjun á slökkvibifreiðum
Á stjórnarfundum 19. desember sl. var óskað eftir heimild stjórnar til þess að fara í útboð á fjórum slökkvibifreiðum. Afgreiðslu málsins var frestað á þeim fundi.

Afgreiðsla: Frestað.

4. Önnur mál:

- 4.1 Vígsla Skarhólabrautar. Starfemi er hafin í slökkvistöðinni við Skarhólabraut. Halda þarf formlega vígslu á stöðinni.

Afgreiðsla: Dagsetning ákveðin 20. mars.

- 4.2 Neyðarstjórnir sveitarfélaganna. Farið yfir undirbúning æfinga neyðarstjórna sveitarfélaganna í mars.

Afgreiðsla: Kynning.

- 4.3 Rekstrarúttekt byggðasamlaganna. Farið yfir stöðu mála varðandi rekstrarúttekt byggðasamlaganna.

Afgreiðsla: Kynning.

- 4.4. Viðræður við Brunavarnir Suðurnesja. Staða viðræðna við Brunavarnir Suðurnesja vegna hugsanlegrar sameiningar kynnt.
Afgreiðsla: Kynning.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 20. mars 2015.

Fundi slitið klukkan 10:30

Árman Kr. Ólafsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Sigurður Björn Blöndal
Gunnar Einarsson
Haraldur L. Haraldsson